



SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

**Ársreikningar sveitarfélaga árið 2019**  
**Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga**

Desember 2019

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Eftirlitsnefndin .....	3
3. Þróun fjármála sveitarfélaga .....	6
3.1 Heildartekjur.....	7
3.2 Rekstrargjöld .....	8
3.3 Framlegð (EBITDA) .....	10
3.4 Skuldir og skuldbindingar .....	11
3.5 Rekstrarniðurstaða.....	13
3.6 Veltufé frá rekstri .....	14
4. Viðmiðanir, lágmarksviðmið og lykiltölur .....	18
5. Yfirlit um helstu fjárhæðir og kennitölur.....	21
Samantekin reikningskil allra sveitarfélaga.....	21
A-hluti    Samanburður á ársreikningum 2018 .....	22
A- og B-hluti    Samanburður á ársreikningum 2018 .....	31

## 1. Inngangur

Í skýrslunni er fjallað um ársreikninga ársins 2018 og þróun fjármála sveitarfélaga á því ári með samanburði við fyrri ár og samanburði við fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Yfirlit um fjármál einstakra sveitarfélaga fyrir árið 2018 er að finna í 5. kafla skýrslunnar. Eins og kunnugt er ber sveitarfélögum að skila til ráðuneytisins ársreikningi 2018 eigi síðar en 20. maí ár hvert. Vegna tímasetningar á skilum ársreikninga þykir eftirlitsnefndinni rétt að tímasetja ársskýrslu nefndarinnar á milli ára og fjalla um störf hennar fyrir tímabilið október til september ár hvert.

Auk skoðunar á samstæðu A- og B-hluta hefur eftirlitsnefndin sérstaklega skoðað A-hluta sveitarfélaga. Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri og skuldir miðast við A- og B-hluta en ljóst er að andi laganna er að sömu viðmið eigi við um rekstur A-hluta þar sem skatttekjum er ætlað að standa undir megin hluta rekstrarútgjalda þótt það sé ekki orðað þannig beint í lögunum.

Eins og fyrr var megin áherslan í störfum nefndarinnar vegna fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og ákvæða í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið. Við lok ársins 2018 störfuðu tvö sveitarfélög eftir ákvæðum um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðum.

Við yfirferð á fjármálum sveitarfélaga verður ekki annað séð en samanlögð rekstrarniðurstaða ársins 2018 sé áfram viðunandi. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum hækkar lítillega á milli ára og er áfram nokkuð umfram lágmarksviðmið eftirlitsnefndarinnar. Nettó skuldir hækka í krónum frá árinu 2017 og hækka jafnframt lítillega sem hlutfall af heildartekjum. Þrátt fyrir misjafna stöðu einstakra sveitarfélaga virðist fjárhagsstaða þeirra á heildina litið vera ágæt.

Eftirlitsnefndin sendi á árinu 2019 bréf til allra sveitarfélaga til að kanna hvort fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur vegna fjárfestinga. Með bréfinu er markmið nefndarinnar að óska upplýsinga um hvernig sveitarfélög standa að eftirliti og framkvæmd með fjárfestingum sínum samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun ársins 2019 ásamt viðaukum. Eftirfylgni nefndarinnar með bréfi þessu hefst í ársbyrjun 2020 með óskum um upplýsingar til samræmis við upphafsbréf nefndarinnar.

## 2. Eftirlitsnefndin

### Skipan eftirlitsnefndar í september 2019

#### Aðalmenn

Þórir Ólafsson, formaður  
Gerður Guðjónsdóttir  
Oddur V. Jónsson

#### Varamenn

Hermann Sæmundsson  
Guðmundur Fr. Sigurðsson  
Halldór V. Kristjánsson

#### Starfsmaður

Eiríkur Benónýsson

Sigurður Ármann Snævarr, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, situr fundi nefndarinnar.

#### Starfsemin

Á starfstímabili eftirlitsnefndarinnar október 2018 til september 2019 hélt nefndin samtals tíu fundi og fundaði einu sinni með forsvarsmönnum sveitarfélaga. Til samanburðar á starfstímabilinu 2017-2018 voru fundir nefndarinnar níu og fundað tvisvar sinnum með forsvarsmönnum sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árin 2019-2022 voru til umfjöllunar hjá nefndinni og úrvinnsla og yfirferð ársreikninga fyrir árið 2018. Við yfirferð fjárhagsáætlana var lögð áhersla á þau sveitarfélög sem voru með skuldahlutfall hærra en 150%.

Eftirlitsnefndin hefur sérstaklega skoðað A-hluta sveitarfélaga. Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægi í rekstri og skuldir miðast við A- og B-hluta en ljóst er að andi laganna er að sömu viðmið eigi við um rekstur A-hluta þar sem skatttekjum er ætlað að standa undir megin hluta rekstrarútgjalda. Eins og á tímabilinu 2017-2018 var áhersla lögð á fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og ákvæða í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið. Við lok ársins 2019 starfaði eitt sveitarfélag eftir ákvæðum um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðum. Ekki er útlit fyrir annað en að Fljótsdalshérað nái fjárhagslegum viðmiðum sveitarstjórnarlaga á tilsettum tíma í það síðasta árið 2022.

Í megin atriðum var ársreikningum skilað fyrir tilskilin tímamörk en tilvik eru að því að ársreikningum hafi verið skilað eftir þau. Dráttur á skilum ársreikninga leiða til tafa á að eftirlitsnefndin geti klárað yfirferð sína. Óásættanlegt er að ársreikningum sé ekki skilað en með því skortir eftirlitsnefndina þær upplýsingar sem hún leggur til grundvallar við störf sín. Ársreikningar hafa allir verið áritaðir um endurskoðun.

Á fyrri hluta árs 2019 sendi eftirlitsnefndin bréf til allra sveitarfélaga; „Almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Fjárfesting og eftirlit með framvindu á árinu 2019.“

Með hliðsjón af hlutverki eftirlitsnefndarinnar ákvað nefndin að taka til umfjöllunar með hvaða hætti sveitarfélög standa að eftirliti og framkvæmd fjárfestinga á árinu 2019.

Við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga á að liggja fyrir sundurliðuð áætlun um einstök verkefni sem flokkast í reikningsskilum þeirra sem fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum. Eftirliti nefndarinnar vegna þessara verkefna verður þannig háttað að í lok fjárhagsársins 2019 mun nefndin óska eftir nánari upplýsingum um framgang þessara verkefna með samanburði við fjárhagsáætlun ársins 2019 með viðaukum og kanna hvernig til hefur tekist að fara að ákvæðum 63. gr. sveitarstjórnarlaga um bindandi ákvæði ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins og gerð viðauka.

Með bréfinu er markmið eftirlitsnefndarinnar að kanna, hvernig sveitarfélög standa að eftirliti og framkvæmd með fjárfestingum sínum samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun ársins 2019 ásamt viðaukum. Eftirfylgni nefndarinnar með bréfi þessu hefst í ársbyrjun 2020 með óskum um upplýsingar til samræmis við upphafsbréf nefndarinnar.

### **Endurskoðunarskýrslur**

Eftirlitsnefndinni hafa borist skýrslur endurskoðenda allra sveitarfélaga sem skilað hafa ársreikningi 2019 nema tveggja. Í sveitarstjórnalögum er gert ráð fyrir að endurskoðendur upplýsi eftirlitsnefndina sérstaklega um öll frávik frá lögum og reglum hjá sveitarfélagi sem þeir verða áskynja um í störfum sínum. Engar slíkar ábendingar endurskoðenda hafa borist nefndinni. Eftirlitsnefndin hefur í starfsstefnu sinni að yfirfara skýrslur endurskoðenda varðandi upplýsingar sem þar koma fram og varða fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaganna. Algengustu ábendingar sem fram koma í skýrslum endurskoðenda sveitarfélaganna eru um gerð viðauka þar sem ekki er farið eftir því regluverki sem um þá gilda, ábending um skort á aðgreiningu starfa sem lið í innra eftirliti og ábending um skort á gerð yfirlits vegna ábyrgða og skuldbindinga.

Regluverk um gerð viðauka á að vera skýrt og því ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að fylgja því. Eins er ljóst að með fjárhagsáætlunum og viðaukum við þær eru sveitarstjórnir að veita starfsmönnum sveitarfélagsins heimildir sem þarf til reksturs sveitarfélagsins. Það ætti því að vera krafa af beggja hálfu, sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga að fylgja því regluverki sem um þetta gildir. Annars vegar fyrir sveitarstjórnarmenn að tryggja að rétt sé staðið að rekstrinum, þ.e. að byggt sé á áætlunum og af hálfu starfsmanna að þeir hafi skýrar fjárheimildir til þess sem þeir eru að gera. Í þessu felst lágmarksvirðing fyrir almannafé.

Varðandi aðgreiningu starfa þá má vera ljóst að vegna fárra starfsmanna sumra sveitarfélaga verður ekki alltaf hægt að koma við þeirri aðgreiningu starfa sem þyrfti. Viðbrögð við því gætu verið að þar sem tilskilinni aðgreiningu starfa verður ekki við komið, að beitt verði þar öðrum innri eftirlitsaðgerðum, svo sem með því að sveitarstjórn kallaði eftir frekari upplýsingum í þeim tilvikum. Í skýrslum endurskoðenda er almennt ekki gerð grein fyrir hvaða innra eftirlit hafi komið í stað aðgreiningar starfa. Rétt er að taka fram að tilvik voru að því í skýrslum endurskoðenda að gerð væri grein fyrir því og niðurstöðum úttektar þess.

## Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit

Í sveitarstjórnarlögum er gerð krafa um að sveitarstjórnir taki saman yfirlit um ábyrgðir í lok árs. Í 15. gr. reglugerðar 1212/2015 er fjallað um ábyrgða- og skuldbindingayfirlit. Þar segir að sveitarfélag skal árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit í samræmi við fylgiskjal IV. Yfirlitið skal miða við upplýsingar í árslok og skal það staðfest af sveitarstjórn samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs og skilað til ráðuneytis samhliða skilum ársreiknings. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar. Jafnframt skulu koma fram upplýsingar um hlutfall ábyrgðar í hverju og einu verkefni eða fjárhæð veittrar ábyrgðar. Í skýringum ársreiknings sveitarfélags skulu talin upp verkefni með ábyrgð sveitarfélagsins. Jafnframt skal veita upplýsingar um fjárhæðir ábyrgða sem sveitarfélagið hefur veitt.

Við yfirferð eftirlitsnefndarinnar á ársreikningum sveitarfélaga er ljóst að mikill misbrestur er á að yfirlit í samræmi við ofangreind ákvæði séu til staðar og nauðsynlegt að óska úrbóta vegna þessa.

## Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar hafa haft mikil áhrif á fjármál sveitarfélaga á undanförunum árum og langt umfram breytingar á undirliggjandi þáttum. Að hluta er það vegna þess að forsendur sem miðað er við, eru ekki aðlagðar að réttahafahópnum og lokum reikningsskilatímabils, og ekki er tekið tillit til framtíðarávinnings sem þegar hefur fallið til. Í alþjóðlegum staðli IAS 19 sem er hluti af IFRS-stöðlunum og er skv. ársreikningalögum „settar reikningsskilareglur“ er aðferðafræði við útreikninga lífeyrisskuldbindingar lýst. Af breytingum undangenginna ára má vera ljóst að ákvæðum IAS 19 hefur ekki verið fylgt. Nauðsynlegt er fyrir sveitarfélög sem eru með lífeyrisskuldbindingar að þær vísi til ákvæða staðalsins í ráðningarbréfi við tryggingarstærðfræðinga sem reikna út lífeyrisskuldbindinguna. Með þeim hætti væri tryggt að lífslíkutöflur sem byggt er á yrðu á tryggingafræðilegum forsendum aðlagðar að réttahafahópnum, séu lífslíkur hans aðrar en þjóðarinnar í heild (eða þess hóps sem lífslíkutaflan á við). Auk þess að færa lífslíkutöflu til þess tímapunktur sem útreikningurinn miðast við ásamt því að horfa til breytinga þeirra út lífslíkutímamann og að gefnar væru forsendur um þróun launa út lífslíkutímamann, þ.m.t. staðgengilslaun eigi slíkt viðmið við.

Þar sem miklar sveiflur eru í gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga milli ára væri til skýringar á því rétt að sundurliða gjaldfærslur í tryggingafræðileg frávík og aðrar breytingar.

Misjafnt er milli sveitarfélaga hvort næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga séu tilgreindar meðal skammtímaskulda.


### 3. Þróun fjármála sveitarfélaga

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þróun fjármála sveitarfélaga árin 2014 til 2018 sem heild ásamt fjárhagsáætlunum 2019. Í umfjöllun eru fjárhæðir annars vegar vegna A-hluta reikningsskila og hins vegar fyrir samstæðu reikningsskila A- og B-hluta og eru þær settar fram í sviga. Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og því er nauðsynlegt að hafa í huga verðlagsþróun á tímabilinu við samanburð fjárhæða. Rétt er að ítreka að samantekt þessa kafla er ætlað að gefa yfirlit um þróun fjármála sveitarfélaga í heild en í kafla 5 má sjá upplýsingar fyrir hvert sveitarfélag.


### 3.1 Heildartekjur

Heildartekjur sveitarfélaganna hafa á tímabilinu 2014-2018 aukist úr 235 milljörðum króna (A+B 313) í 335 milljarða króna (A+B 430) eða um 42% (A+B 37%).

Mynd 1



Mynd 2




Hækkun heildartekna milli áráanna 2017 og 2018 var um 6,1% (6,1%) og í áætlun um heildartekjur árið 2019 er gert ráð fyrir hækkun frá árinu 2018 um 5,7% (6,3%). Myndir 1 og 2 sýna þessa þróun ásamt sundurliðun á helstu tekjustofnum sveitarfélaganna. Þegar horft er til þróunar á heildartekjum og verðlagsþróunar árin 2014-2018 er ljóst að rauntekjur sveitarfélaganna hafa hækkað á þessu tímabili þar sem vísitala neysliverðs hefur hækkað um 10,7% á tímabilinu 2014-2018.




### 3.2 Rekstrargjöld

Rekstrargjöld sveitarfélaganna (án afskrifta) hafa á tímabilinu 2014-2018 aukist úr 222 milljörðum króna (A+B 259) í 300 milljarða króna (A+B 347), eða um 35% (34%). Myndir 3 og 4 sýna þróunina árin 2014-2018 og áætlun fyrir árið 2019. Ef skoðuð eru einstök ár virðist hlutfallslega mesta aukning kostnaðar vera árin 2014-2015, um 13,3% (13,2%), en áætlanir gera ráð fyrir 7,3% (8,2%) hækkun rekstrarkostnaðar árið 2019.

Mynd 3




Mynd 4




Litið til þróunar launa og launatengdra gjalda (án breytinga á lífeyrisskuldbindingum) í hlutfalli við heildartekjur sést að hlutfallið helst nokkuð stöðugt á tímabilinu 2014-2018. Árið 2018 er hlutfallið í 51,8% (47,5%) en áætlanir gera svo ráð fyrir hækkandi hlutfalli fyrir árið 2019. Á mynd 5 sést þróunin á tímabilinu 2014-2018 og áætlun 2019.

### Mynd 5



Litið til þróunar í öðrum rekstrarkostnaði þá var hlutfallið um 39,3% (A+B 35,9%) árið 2014 eins og mynd 6 sýnir. Á tímabilinu 2014-2017 fer hlutfallið lækkandi en á árinu 2019 gera áætlanir ráð fyrir litiðsháttar hærra hlutfalli, 34,6% (A+B 32,6%).


### Mynd 6




### 3.3 Framlegð (EBITDA)

Við samanburð á framlegð er litið til framlegðar fyrir afskriftir (EBITDA). Á myndum 7 og 8 sést þróunin árin 2014-2018 og áætlun fyrir árið 2019. Árið 2018 var samanlögð framlegð sem hlutfall af heildartekjum 10,3% (A+B 19,2%) sem er með því mesta á umræddu tímabili. Hlutfallið lækkaði á árunum 2014 og 2015 en var orðið 9,3% (18,5%) árið 2016. Árinu 2017 var hlutfallið með svipuðum móti og árið 2016 og var 9,6% (A+B 18,3%). Áætlanir gera hins vegar ráð fyrir að framlegð ársins 2019 lækki og verði 9,0% (17,7%). Rétt er að benda á að Reykjavíkurborg gjaldfærði á árinu 2015 um 12,3 milljarða króna umfram fjárhagsáætlun vegna lífeyrisskuldbindinga sem hefur nokkur áhrif á heildarniðurstöðu framlegðar á árinu 2015.

Mynd 7



Mynd 8




Á árinu 2010 setti eftirlitsnefndin sér vinnureglur um tiltekin viðmið varðandi heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaga sem og um framlegð rekstrar í A-hluta reikningsskilanna. Var við það miðað að fjármál sveitarfélags yrðu skoðuð sérstaklega ef heildarskuldir væru yfir 150% af heildartekjum í A-hluta reikningsskilanna. Jafnframt var litið til peningalegra eigna á móti skuldum, framlegðar frá rekstri og fleiri þátta. Framlegð frá rekstri er sú fjárhæð sem rekstur sveitarfélagsins leggur til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum, auk fjárfestinga. Eftirlitsnefndin setti einnig fram viðmið um 15-20% framlegð frá rekstri til að standa undir framtíðarskuldbindingum þegar þær nema 150% af heildartekjum. Með nýjum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2012 var 150% skuldaviðmið lögfest vegna skulda og skuldbindinga fyrir A- og B-hluta.


### 3.4 Skuldir og skuldbindingar

Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna hafa fyrir A-hluta vaxið úr 267 milljörðum króna í 355 milljarða króna á tímabilinu 2014-2018 eða um 32,5%. Skuldir A- og B-hluta hafa á sama tímabili vaxið um 14,5% og voru 634 milljarðar króna árið 2018. Nettó skuldir A-hluta (heildarskuldir að frádregnum peningalegum eignum án eigin fyrirtækja) hafa á sama tímabili vaxið úr 218 milljörðum króna í 274 milljarða króna eða um 25,3%. Nettó skuldir A- og B-hluta hafa á sama tímabili vaxið um 7,9% og eru um 501 milljarðar króna árið 2018. Myndir 9 og 10 sýna þróunina á umræddu tímabili.

#### Mynd 9




## Mynd 10




Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af heildartekjum (myndir 11 og 12) námu 114% (A+B 177%) árið 2014 en voru 106% (147%) árið 2018. Áætlun fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir svipuðu hlutfalli. Nettó skuldir (heildarskuldir að frádregnum peningalegum eignum, án eigin fyrirtækja) hafa á tímabilinu 2014-2018 lækkað úr 93% (149%) í 82% (117%) árið 2018. Áætlun fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir svipuðu hlutfalli.

## Mynd 11



Eins og áður segir hefur eftirlitsnefndin sett sér viðmið um 15-20% framlegð frá rekstri og er þá miðað við 150% skuldahlutfall. Miðað við raunstöðu skulda árið 2018 eru nettó skuldir og skuldbindingar um 82% (117%) (sjá mynd 12) og framlegð er 10,3% (19,2%) (sjá mynd 8).

## Mynd 12




Þegar litið er á samanlagðan rekstur er hægt að miða við að þegar framlegðin nær 10-12% og nettó skuldahlutfallið er um 100% sé ákveðnu jafnvægi náð varðandi getu til að greiða afborganir skulda. Með sama hætti er hægt að miða við að þegar framlegðin nær 15-20% og nettó skuldahlutfallið er um 150% sé ákveðnu jafnvægi náð varðandi getu til að greiða afborganir af skuldum. Þó ber að hafa í huga að viðmið eftirlitsnefndarinnar nær ekki nema að takmörkuðu leyti til fjárfestinga vegna skuldsettari sveitarfélaga og því þarf framlegð þeirra að vera umfram viðmið til að standa einnig undir fjárfestingu þar sem stærri hluti framlegðar fer til niðurgreiðslu skuldanna svo skuldaviðmiði laganna verði náð.


### 3.5 Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna hefur á undanförunum árum verið nokkuð sveiflukennd eins og mynd 13 um þróun rekstrarniðurstöðu í milljónum króna ber með sér. Á árunum 2014 og 2015 var afkoman lök en árin 2016-2018 er nokkur viðsnúningur þar sem rekstrarhagnaður árið 2018 nemur 15,3 milljörðum (A+B 27,1) Áætlanir ársins 2019 gera svo áfram ráð fyrir rekstrarhagnaði beggja rekstrarhluta. Mynd 14 sýnir hver þróunin er sé litið til hlutfalls rekstrarhagnaðar/taps á móti heildartekjum.

### Mynd 13



### Mynd 14




### 3.6 Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri segir til um hvaða fjármuni sveitarfélag hefur úr eigin rekstri til að greiða afborganir vegna skulda og skuldbindinga. Þannig er veltufé frá rekstri til marks um það hversu há fjárhæð er til ráðstöfunar eftir að búið er að greiða rekstrarkostnað, s.s. vexti og annan kostnað sem tilheyrir rekstri sveitarfélags. Rétt er að taka fram að veltufé frá rekstri er einnig ætlað að greiða fyrir fjárfestingar sveitarfélags en fjármögnun þeirra, sem og afborganir af skuldum, geta einnig verið með nýjum lánnum eða samblandi beggja þátta.

Þróun veltufjár frá rekstri á tímabilinu 2014-2018 er sýnd á mynd 15. Þar kemur fram að veltufé frá rekstri árið 2014 var um 16,0 milljarðar króna (A+B 47,0) en árin á eftir fer þessi fjárhæð hækkanði og var árið 2018 um 38,0 milljarðar króna (77,1). Áætlanir fyrir árið 2019 gera svo hins vegar ráð fyrir lækkun sem nemur um 11,0% (A+B 9,4%) frá árinu 2018.

## Mynd 15




Vert er að undirstrika að mikilvægt er að horfa til hlutfallslegra þátta þegar þróunin á tímabilinu 2014-2018 er skoðuð. Þrátt fyrir að veltufé frá rekstri hafi hækkað í krónum á milli ára er ekki þar með sagt að sveitarfélögin hafi haft hlutfallslega úr meiri verðmætum að spila. Við samanburðinn þarf að hafa í huga verðlagsþróun á tímabilinu.

Við skoðun á þróun á veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum árin 2014-2018 sést að hlutfallið hefur fyrir A-hluta verið að styrkjast á undanförunum árum (mynd 16). Hlutfallið var þannig árið 2014 um 6,8% (A+B 15,0%) en er árið 2018 um 11,4% (17,9%). Áætlanir gera hins vegar ráð fyrir að hlutfallið lækki frá árinu 2018 og verði um 9,5% (15,3%) árið 2019.

Eitt af lágmarksviðmiðum eftirlitsnefndarinnar snýr að veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstrartekjum. Við það er miðað að sveitarfélag sem skuldar um 150% af tekjum sínum þurfi að hafa veltufé frá rekstri um 7,5% af rekstrartekjum. Á sama hátt nær viðmiðið til 5% hlutfalls borið saman við 100% skuldahlutfall. Við skoðun á heildarfjármálum sveitarfélaga er rétt að hafa til hliðsjónar viðmið um veltufé frá rekstri þegar þróun skulda er skoðuð.




## Mynd 16



Til frekari skoðunar á þróun veltufjár frá rekstri má skoða fjárhagslegt viðmið um hlutfall nettó skulda (peningaleg staða) á móti veltufé frá rekstri. Þróunin á tímabilinu 2014-2018 er reiknað hlutfall fyrir hvert ár og sýnir mynd 17 hvernig það hefur þróast undanfarin ár. Hlutfallið sýnir þannig hversu mörg ár það tæki sveitarfélag að greiða nettó skuldir sínar miðað við að veltufé frá rekstri á viðkomandi ári sé eingöngu notað til niðurgreiðslu skulda.

## Mynd 17



Reiknað hlutfall sýnir þannig að árið 2014 tæki bæði A-hluta og A- og B-hluta um 14 ár (A+B 10 ár) að greiða upp nettó skuldir miðað við þessar gefnu forsendur. Sama hlutfall fyrir árið 2018 sýnir að það tæki um 7 ár fyrir A-hluta og fyrir A- og B-hluta að greiða upp nettó skuldir

sveitarfélaganna miðað við stöðu skuldanna í árslok 2018. Skoðun á hlutfallinu fyrir A- og B-hluta sýnir að þar sem veltufé frá rekstri hefur aukist á tímabilinu 2014-2018 og nettó skuldir hafa lækkað, hefur reiknað hlutfall farið lækkandi. Jafnframt sýnir skoðun á útreiknuðu hlutfalli fyrir A-hluta að það hækkar árið 2014 þar sem veltufé frá rekstri lækkar frá árinu 2013 ásamt því að nettó skuldir hækka.

## 4. Viðmiðanir, lágmarksviðmið og lykiltölur

Með sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 voru sett viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Viðmiðin er að finna í 64. gr. laganna:

„Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og
2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.“

Samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 502/2012 skal eftirlitsnefndin reikna m.a. eftirfarandi lykiltölur við yfirferð á ársreikningum sveitarfélaga:

1. Reiknast sem hundradshluti af reglulegum tekjum:
  - a. Framlegð.
  - b. Rekstrarniðurstaða.
  - c. Veltufé frá rekstri.
  - d. Skuldahlutfall.
  - e. Skuldaviðmið.
2. Aðrar lykiltölur:
  - a. Veltufjárhlutfall.
  - b. Vaxtaberandi skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af veltufé frá rekstri.
  - c. Peningaleg staða.

Við skoðun á lykiltölum samkvæmt þessari grein skal eftirlitsnefndin meta sérstaklega reikningsskil A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar.

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á eftirfarandi grundvallaratriði við samanburð á rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélaga:

**Úr rekstri:**

1. Heildartekjur, þ.e. allar reglulegar rekstrartekjur auk óreglulegra tekna
2. Laun og annar rekstrarkostnaður
3. Framlegð (EBITDA), þ.e. reglulegar tekjur að frádrögnum rekstrargjöldum öðrum en afskriftum af rekstrarfjármunum og fjármagnskostnaði, jafnframt reiknuð sem hlutfall af heildartekjum
4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
5. Rekstrarniðurstaða

**Úr sjóðstreymi:**

6. Veltufé frá rekstri, jafnframt reiknað sem hlutfall af reglulegum tekjum
7. Fjárfestingarhreyfingar
8. Afborganir langtímalána og skuldbindinga, jafnframt í hlutfalli við veltufé frá rekstri

**Úr efnahagsreikningi:**

9. Veltufjárhlutfall
10. Veltufjármunir og langtímakröfur
11. Skuldir og skuldbindingar (skuldahlutfall og skuldaviðmið)
12. Peningaleg staða (nettó skuldir), jafnframt sem hlutfall af reglulegum tekjum
13. Vaxtaberandi skuldir og skuldbindingar, jafnframt sem hlutfall af reglulegum tekjum
14. Eigið fé

Auk framangreindra lykilupplýsinga um heildarfjárhæðir og hlutföll koma einnig til skoðunar breytingar á milli ára ásamt útreikningum á hvern íbúa til samanburðar milli sveitarfélaga. Við athuganir á einstaka sveitarfélögum eru A-hluta reikningsskil skoðuð ásamt samstæðureikningsskilum en mjög mismunandi er hve mikil áhrif B-hluti reikningsskilanna hefur á fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga. Einnig er litið til ábyrgða sveitarfélaga.

Vegna yfirferðar á fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlitsnefndin sett fram viðmiðanir sem byggðar eru á lágmarkskröfum vegna fjárhagslegra viðmiða, þ.e.a.s. taki mið af því að standast jafnvægis- og skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Viðmið þessi byggjast á mismunandi skuldahlutfalli og sýna þannig samspil við önnur viðmið þegar fjármál sveitarfélags eru skoðuð. Rétt er að benda á að við yfirferð fjárhagslegra viðmiða er nauðsynlegt að skoða þau í heild og er vert að benda á að sveitarfélög hafa með höndum mismunandi starfsemi, kjör og tækifæri við fjármögnun sem getur í sumum tilvikum haft áhrif á einstök viðmið. Mynd 20 sýnir yfirlit um lágmarksviðmið.

## Mynd 20

### Lágmarksviðmið

Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlutfall af tekjum	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð sem hlutfall af tekjum	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Ný lántaka / fjárfesting sem hlutfall af skuldum	5,0%	5,0%	5,0%	2,5%	0,5%
Endurgreiðslutími skulda	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár
Veltufjárhlutfall	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Viðmið vaxta	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%
Aðlögunartími				10 ár	10 ár

Ofangreind viðmið eru lágmarkskröfur og ekki er gert ráð fyrir nema takmarkaðri fjárfestingu þar sem svigrúm til nýrra fjárfestinga/lántöku hjá þeim sveitarfélögum sem skulda meira en 150% af tekjum sínum, er mun þrengra en þeirra sem skulda 150% og minna. Viðmið fyrir þau sveitarfélög sem skulda minna en 150% af tekjum gerir ráð fyrir óbreyttu skuldahlutfalli þeirra við skoðun á lágmarksviðmiðum, þ.e.a.s. ef sveitarfélag skuldar 100% af tekjum sínum eru viðmiðin til þess fallin að viðhalda 100% skuldahlutfalli. Framsetning viðmiða fyrir sveitarfélög sem skulda meira en 150% af tekjum sínum gerir ráð fyrir niðurgreiðslu skulda á 10 ára tímabili.

## 5. Yfirlit um helstu fjárhæðir og kennitölur

### Samantekin reikningskil allra sveitarfélaga

Sveitarfélög	2019 áætl						2019 áætl					
	mkr.	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A-hluti	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B	A + B
Heildartekjur.....	354.187	335.080	315.713	285.107	255.203	235.542	457.055	430.098	405.412	371.204	337.579	312.659
Framlegð.....	31.785	34.511	30.269	26.536	2.721	12.759	81.114	82.708	74.284	68.769	44.646	53.843
Framlegð án leigugreiðslur.....	31.784	34.510	30.268	26.535	2.721	12.759	81.113	82.707	74.283	68.768	44.646	53.843
Fjármagnsliðir.....	-8.745	-6.864	-4.663	-5.900	-6.772	-8.026	-28.018	-29.884	-6.701	-8.676	-22.471	-15.324
Rekstrarniðurstaða.....	9.399	15.301	13.276	8.540	-15.275	-6.427	22.543	27.130	41.502	37.208	-1.918	14.456
Veltufé frá (til) rekstrar.....	33.757	38.049	33.025	33.961	16.634	16.060	69.832	77.108	67.382	67.149	52.145	47.004
Fjárfestingar.....	-45.674	-45.749	-32.950	-20.083	-18.293	-21.494	-86.352	-80.095	-68.110	-44.227	-39.152	-36.704
Afborganir langtímalána og skuldbindinga.....	-15.079	-21.676	-16.409	-14.212	-20.081	-24.428	-37.136	-54.914	-38.733	-34.529	-41.569	-52.160
Heildarskuldir og skuldbindingar.....	370.032	355.142	325.032	298.203	291.067	267.862	652.997	634.056	581.598	569.475	578.707	553.809
Nettó skuldir (fráðregnar peningalegar eignir).....	294.742	274.037	250.154	231.910	237.196	218.632	524.121	501.668	463.391	455.959	484.464	464.903
Breyting heildartekna frá fyrra ári.....	5,7%	6,1%	10,7%	11,7%	8,3%	5,5%	6,3%	15,9%	9,2%	10,0%	8,0%	4,3%
Breyting skatttekna frá fyrra ári.....	8,1%	8,9%	10,7%	11,6%	7,6%	5,8%	8,1%	20,6%	10,8%	11,5%	7,6%	5,9%
Breyting jöfnunarsjóðs frá fyrra ári.....	4,0%	5,4%	9,7%	12,1%	11,6%	8,1%	4,0%	15,6%	9,7%	12,1%	11,6%	8,1%
Breyting aðrar tekjur frá fyrra ári.....	-4,6%	-5,0%	11,7%	12,0%	9,3%	2,3%	4,0%	8,8%	6,7%	7,1%	7,6%	1,3%
Breyting launa frá fyrra ári.....	9,5%	4,6%	14,3%	6,3%	11,6%	10,6%	10,0%	19,0%	14,1%	7,0%	12,3%	10,1%
Breyting annars rekstrarkostnaðar frá fyrra ári.....	5,8%	10,8%	5,0%	3,8%	3,7%	8,0%	7,5%	13,5%	4,2%	4,0%	4,4%	7,3%
Breyting heildar rekstrarkostnaðar frá fyrra ári.....	7,3%	5,3%	10,4%	2,4%	13,3%	12,2%	8,2%	14,9%	9,5%	3,2%	13,2%	11,2%
EBITDA (framlegðarhlutfall).....	9,0%	10,3%	9,6%	9,3%	1,1%	5,4%	17,7%	19,2%	18,3%	18,5%	13,2%	17,2%
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	53,7%	51,8%	52,6%	51,0%	53,5%	52,0%	47,5%	45,9%	46,7%	44,7%	46,0%	44,2%
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	34,6%	34,6%	33,1%	34,9%	37,6%	39,3%	32,6%	32,2%	31,4%	32,9%	34,8%	35,9%
Rekstrarniðurstaða í hlutfalli af heildartekjum.....	2,7%	4,6%	4,2%	3,0%	-6,0%	-2,7%	4,9%	6,3%	10,2%	10,0%	-0,6%	4,6%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	9,5%	11,4%	10,5%	11,9%	6,5%	6,8%	15,3%	17,9%	16,6%	18,1%	15,4%	15,0%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutf. af heildartekjum - Lágmarksviðmið.....	4,2%	4,1%	4,0%	4,1%	4,6%	4,6%	5,7%	5,8%	5,7%	6,1%	7,2%	7,4%
Fjárfestingar í hlutfalli af varanlegum rekstrarfjármunum.....	10,2%	10,6%	8,4%	5,5%	5,1%	6,1%	8,6%	8,2%	7,7%	5,3%	4,8%	4,6%
Fjárfesting í hlutfalli af skatttekjum.....	14,9%	16,0%	12,5%	8,4%	8,6%	10,9%	28,3%	28,2%	26,0%	18,7%	18,4%	18,7%
Skuldahlutfall.....	104%	106%	103%	105%	114%	114%	143%	147%	143%	153%	171%	177%
Skuldahlutfall nettó (að fráðregnum penl. eignum).....	83%	82%	79%	81%	93%	93%	115%	117%	114%	123%	144%	149%
Skuldaviðmið.....	67%	63%	84%	87%	100%	103%	79%	104%	100%	103%	117%	122%
Veltufjárhlutfall.....	1,02	1,10	1,18	1,25	1,04	0,96	1,01	1,15	1,05	1,15	0,97	0,87
Veltufjárhlutfall án eigin fyrirtækja.....	1,01	1,13	1,12	1,31	1,02	0,93	1,01	1,15	1,05	1,15	0,98	0,87
Veltufé f.rek. / Afborgun langt.skulda og skuldb.....	2,24	1,76	2,01	2,39	0,83	0,66	1,88	1,40	1,74	1,94	1,25	0,90
Nettó skuldir / veltufé frá rekstri ár.....	9	7	8	7	14	14	8	7	7	7	9	10
Nettó skuldir / afb. langt.skulda ár.....	20	13	15	16	12	9	14	9	12	13	12	9
Fjöldi íbúa.....	356.991	356.991	348.450	338.349	332.529	329.100	348.450	348.450	348.450	338.349	332.529	329.100

## **A-hluti      Samanburður á ársreikningum 2018**

## Ársreikningur 2018

### Samanburður á sveitarfélögum A - hluti

Sveitarfélögin	0000 - Reykjavíkurborg	1000 - Kópavogsbær	1400 - Hafnarfjarðar kaupstaður	6000 - Akureyrarka upstaður	2000 - Reykjanes bær	1300 - Garðabær	1604 - Mosfellsbær	8200 - Sveitarfélagið Árborg	3000 - Akraneskaup staður	
Fjöldi íbúa.....	356.991	128.793	36.975	29.799	18.925	18.920	16.299	11.463	9.485	7.411
Heildartekjur.....	335.080	119.792	30.533	24.888	19.027	15.662	14.272	10.484	8.000	6.740
Framlegð.....	34.511	10.104	3.510	2.700	1.047	3.524	1.627	1.443	659	787
Fjármagnsliðir.....	-6.864	-455	-1.484	-1.494	-562	-362	-386	-454	-396	147
Rekstrarniðurstaða.....	15.301	4.726	1.176	490	-384	2.677	442	703	-50	815
Veltufé frá (til) rekstrar.....	38.049	11.828	2.848	2.784	1.618	3.829	1.634	1.293	430	1.440
Heildarskuldir og skuldbindingar.....	355.142	108.148	38.558	39.037	20.123	29.124	13.381	11.444	12.113	6.212
Nettó skuldir (frádragnar peningalegar eignir).....	274.037	80.506	32.054	36.117	15.310	20.792	11.569	10.140	10.724	2.482
EBITDA (framlegðarhlutfall).....	10%	8%	11%	11%	6%	23%	11%	14%	8%	12%
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	55%	57%	57%	54%	63%	46%	49%	46%	59%	62%
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	35%	35%	31%	35%	31%	32%	40%	40%	33%	26%
Rekstrarniðurstaða í hlutfalli af heildartekjum.....	5%	4%	4%	2%	-2%	17%	3%	7%	-1%	12%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	11%	10%	9%	11%	9%	24%	11%	12%	5%	21%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutf. af heildartekjum - Lágmarksviðmið.....	4%	3%	5%	7%	4%	7%	4%	5%	7%	2%
Fjárfestingar í hlutfalli af varanlegum rekstrarfjármunum.....	11%	13%	7%	12%	6%	7%	10%	9%	11%	12%
Fjárfestingar í hlutfalli af skatttekjum.....	16%	19%	12%	21%	10%	10%	19%	14%	17%	9%
Skuldahlutfall .....	106%	90%	126%	157%	106%	186%	94%	109%	151%	92%
Skuldahlutfall nettó (að frádrögnum penl. eignum).....	82%	67%	105%	145%	80%	133%	81%	97%	134%	37%
Skuldaviðmið útreiknað.....	63%	49%	94%	112%	64%	122%	59%	84%	110%	26%
Veltufjárhlutfall.....	1,1	1,2	0,4	0,5	1,2	1,3	1,1	0,5	0,8	2,8
Veltufjárhlutfall án eigin fyrirtækja.....	1,1	1,2	0,4	0,7	1,3	1,7	0,7	0,6	0,7	2,8
Veltufé f.rek. / Afborgun langt.skulda og skuldb.....	1,8	2,4	1,0	1,8	0,7	2,5	1,5	1,5	0,7	3,2
Vaxtab. skuldir og skuldb. með lífeyrisskb./ Veltufé f.rek. ár.....	8	8	12	12	10	7	7	7	23	4
Heildartekjur per íbúa þús.kr.....	939	930	826	835	1.005	828	876	915	843	909
Skatttekjur per íbúa þús.kr.....	678	719	675	669	635	605	708	615	583	621
Jöfnunarsjóður per íbúa þús.kr.....	121	57	39	84	181	136	66	153	146	189
Laun og launat. per íbúa þús.kr.....	517	527	471	450	637	380	428	421	494	567
Heildarskuldir og skuldb. á íbúa þús.kr.....	995	840	1.043	1.310	1.063	1.539	821	998	1.277	838
Nettó skuldir á íbúa þús.kr.....	768	625	867	1.212	809	1.099	710	885	1.131	335



## Ársreikningur 2018

### Samanburður á sveitarfélögum A - hluti

	7300 - Fjarðabyggð	1100 - Seltjarnarne skaupstaður	8000 - Vestmanna eyjabær	5200 - Sveitarfélagið Skagafjörður	3609 - Borgarbyggð	4200 - Ísafjarðar bær	7620 - Fijótsdals hérað	2510 - Suðurnesja bær	2300 - Grindavíkur bær	6100 - Norðurþing
Fjöldi íbúa.....	5.070	4.664	4.301	3.992	3.807	3.800	3.600	3.480	3.427	3.042
Heildartekjur.....	5.926	4.058	3.960	4.686	3.932	4.214	4.044	3.645	3.051	3.606
Framlegð.....	735	-135	307	427	628	254	660	363	615	639
Fjármagnsliðir.....	-278	32	168	-222	-34	-134	-359	-124	56	-112
Rekstramiðurstaða.....	203	-264	341	91	510	-14	131	57	471	460
Veltufé frá (til) rekstrar.....	784	1	831	351	642	349	518	349	692	686
Heildarskuldir og skuldbindingar.....	8.747	3.263	4.951	5.888	2.493	5.267	5.024	3.170	1.468	4.527
Nettó skuldir (frádragnar peningalegar eignir).....	7.852	2.105	1.538	5.209	1.390	4.566	4.791	1.930	-638	3.393
EBITDA (framlegðarlutfall).....	12%	-3%	8%	9%	16%	6%	16%	10%	20%	18%
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	58%	61%	57%	62%	53%	59%	56%	48%	53%	56%
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	29%	42%	35%	29%	31%	35%	28%	42%	27%	26%
Rekstramiðurstaða í hlutfalli af heildartekjum.....	3%	-7%	9%	2%	13%	0%	3%	2%	15%	13%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	13%	0%	21%	7%	16%	8%	13%	10%	23%	19%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutf. af heildartekjur - Lágmarksviðmið.....	7%	3%	2%	6%	2%	5%	6%	3%	-1%	5%
Fjárfestingar í hlutfalli af varanlegum rekstrarfjármunum.....	6%	19%	6%	12%	12%	12%	4%	3%	9%	13%
Fjárfestingar í hlutfalli af skatttekjum.....	9%	27%	10%	19%	13%	16%	5%	5%	21%	16%
Skuldahlutfall.....	148%	80%	125%	126%	63%	125%	124%	87%	48%	126%
Skuldahlutfall nettó (að frádrægnum penl. eignum).....	132%	52%	39%	111%	35%	108%	118%	53%	-21%	94%
Skuldaviðmið útreiknað.....	110%	27%	-15%	95%	22%	80%	107%	42%	-48%	71%
Veltufjárhlutfall.....	0,3	1,9	3,5	0,5	1,9	0,7	0,3	2,3	6,0	1,4
Veltufjárhlutfall án eigin fyrirtækja.....	0,8	1,4	6,6	0,6	1,8	0,9	0,3	2,1	5,6	1,3
Veltufé f.rek. / Afborgun langt.skulda og skuldb.....	1,9	0,0	4,5	0,9	3,1	1,3	1,4	5,2	4.000,6	2,3
Vaxtab. skuldir og skuldb. með lífeyrisskb./ Veltufé f.rek. ár.....	8	3.058	5	14	3	12	9	8	2	6
Heildartekjur per íbúa þús.kr.....	1.169	870	921	1.174	1.033	1.109	1.123	1.047	890	1.185
Skatttekjur per íbúa þús.kr.....	748	675	646	650	632	632	616	700	617	705
Jöfnunarsjóður per íbúa þús.kr.....	248	76	153	345	297	234	371	213	193	215
Laun og launat. per íbúa þús.kr.....	682	534	527	729	544	654	624	503	469	663
Heildarskuldir og skuldb. á íbúa þús.kr.....	1.725	700	1.151	1.475	655	1.386	1.395	911	428	1.488
Nettó skuldir á íbúa þús.kr.....	1.549	451	358	1.305	365	1.202	1.331	555	-186	1.115

## Ársreikningur 2018

### Samanburður á sveitarfélögum A - hluti

	8716 - Hveragerðisbær	7708 - Sveitarfélagið Hornafjörður	8717 - Sveitarfélagið Ölfus	6250 - Fjallabyggð	8613 - Rangárþing eystra	6400 - Dalvíkur byggð	3714 - Snæfellsbær	8614 - Rangárþing ytra	2506 - Sveitarfélagið Vogar	3711 - Stykkishólmur bær
Fjöldi íbúa.....	2.628	2.389	2.153	2.007	1.924	1.905	1.674	1.636	1.286	1.201
Heildartekjur.....	2.741	2.580	2.226	2.308	1.802	2.080	1.996	1.784	1.212	1.270
Framlegð.....	300	612	319	292	260	259	177	304	103	-186
Fjármagnsliðir.....	-174	-8	-63	9	61	-5	-28	-44	-24	-101
Rekstramiðurstaða.....	23	487	151	193	393	167	52	199	38	-347
Veltufé frá (til) rekstrar.....	243	644	346	429	345	310	292	294	112	-199
Heildarskuldir og skuldbindingar.....	3.747	1.187	1.918	1.854	953	1.358	1.540	1.329	934	1.934
Nettó skuldir (frádragnar peningalegar eignir).....	3.305	796	1.525	1.426	638	785	1.171	976	773	1.784
EBITDA (framlegðarhlutfall).....	11%	24%	14%	13%	14%	12%	9%	17%	9%	-15%
Laun í hlutfalli af heildartekjum.....	56%	47%	50%	56%	49%	56%	58%	46%	57%	63%
Annar rekstrarkostnaður í hlutfalli af heildartekjum.....	33%	29%	36%	32%	36%	31%	33%	37%	35%	51%
Rekstramiðurstaða í hlutfalli af heildartekjum.....	1%	19%	7%	8%	22%	8%	3%	11%	3%	-27%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutfalli af heildartekjum.....	9%	25%	16%	19%	19%	15%	15%	16%	9%	-16%
Veltufé frá (til) rekstrar í hlutf. af heildartekjum - Lágmarksviðmið.....	6%	2%	3%	3%	2%	2%	3%	3%	3%	7%
Fjárfestingar í hlutfalli af varanlegum rekstrarfjármunum.....	8%	17%	9%	8%	25%	6%	8%	7%	8%	4%
